

Neyðarlínan ohf.

Ársreikningur

2022

Neyðarlínan ohf.
Skógarhlíð 14
101 Reykjavík

Kt. 511095-2559

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun ríkisendurskoðanda	5
Áritun óháðs endurskoðanda	6
Rekstrarreikningur	8
Efnahagsreikningur	9
Sjóðstreymisyfirlit	10
Skýringar	11

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Meginstarfsemi félagsins

Hlutafélagið Neyðarlínan ohf. var stofnað í október 1995. Tilgangur þess er rekstur neyðarvaktstöðvar vegna samræmda neyðarnúmersins 112, almenn svörun neyðarboða, vöktun öryggiskerfa og skyldur rekstur. Rekstur neyðarstöðvar er í samræmi við lög nr. 40/2008 um samræmda neyðarsvörun. Félagið ber einnig ábyrgð á rekstri vaktstöðvar siglinga í samræmi við lög nr. 41/2003 og Tetra neyðar- og öryggisfjarskiptapjónustu fyrir löggæslu og aðra viðbragðsaðila, björgunarsveitir, orkufyrirtæki og fleiri.

Starfsemi á árinu

Starfsemi 112 á árinu gekk nokkuð vel, og þó að árið hefði byrjað með 10 manna fjöldatakmörkunum vegna Covid gekk mönnun þokkalega. Veikindi voru með mesta móti og hefur það reynst nokkuð dýrt. Við þessar aðstæður hefur þó komið skírt í ljós sú tryggð sem starfsmenn sýna starfseminni. Varastjórnstöðin á Krókhálsi var mönnuð í byrjun árs, fram að Covid slökun, en lítið eftir það. Samstarf 112 og fjarskiptamiðstöðvar lögreglunnar (FMR) hefur verið þróað áfram og gengur vel, og er á FMR að heyra að síðustu hindranirnar séu úr vegi, og að veggurinn muni fara niður í byrjun 2023. Dómsmálaráðherra framlengdi stuðning ráðuneytisins við Ofbeldisgáttina á 112.is, og studdi Neyðarlínuna í að keyra nokkur átaksverkefni í vitundarvakningu ofbeldis tengdri skemmtunum, samtal er við ráðuneytið um að samningnum verði framlengt til lengri tíma. Einnig var unnið að styrkingu Netspjalls og 112 smáforrits sem fullgildra leiða að neyðarþjónustu auk áframhald endurnýjunar tölvukerfa 112.

Neyðarlínan vinnur skv. samningi við Öryggisfjarskipti að uppbyggingu og viðhaldi Tetra kerfis, kerfa vaktstöðvar siglinga og mannvirkja í eigu Öryggisfjarskipta um allt land og sér um þjónustu við notendur kerfanna og mannvirkjanna.

Tetra kerfið var að venju í góðu ástandi á árinu. Mikil vinna undanfarin áratug við að styrkja kerfið, fara í árlegar eftirlitsferðir á alla stað, tengja staði með ljósleiðara í stað örbylgju, styrkja varaafli og fleira hefur skilað öruggari þjónustu. Meðaluppitími senda árið 2023 var 99,92% en hann var 99,94% á árinu 2021. Tveir hálendisstaðir draga meðaltalið talsvert niður. Án þeirra er meðaluppitími 99,95%. Settur var upp sendir í Bjarnarfirði og útbúin nýr færانlegur sendir. Ekki er pláss fyrir nema tvo viðbótar senda í kerfinu. Því var á árinu gerður samningur við Motorola sem gerir kleift að fjölga sendum um allt að 100, auk þess verður einnig hægt að fjölga fjarskiptastjórum. Þessi stækkun kemur til framkvæmda haustið 2023. Í árslok voru 197 sendar uppsettir í kerfinu auk færانlega sendisins og endurvarpa sem eru á um 40 stöðum. Mikil endurnýjun á sér stað í Tetra farstöðvum og voru talsverðar annir að útvega og forrita nýjar stöðvar.

Unnið var að viðhaldi mannvirkja víða um land með endurnýjun á klæðningum, þökum, málun og fleira. Byggðir voru fimm nýir sendastaðir sem nú felst aðallega í uppsetningu mastra, að miklu leiti fyrir farsímasenda. Áfram var unnið að því að bæta varaafli með uppsetningu vararafstöðva. Lokið var niðurrifi og lokið að mestu við frágang á Vatnsendahæð í tengslum við flutning fjarskiptasendinga þaðan á Úlfarsfell en eftir er lokafrágangur lóðar sem bíður gerð deiliskipulags. Neyðarlínan veitti talsverða aðstoð við byggingu Öryggisfjarskipta á flugskýli fyrir þyrlur Landhelgisgæslunnar. Var það umfangsmesta framkvæmdaverk sem Neyðarlínan kom að á árinu. Tekjur Neyðarlínu vegna þessa færast eftir atvikum til lækkunar rekstrarkostnaðar eða sem seld þjónusta.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.

Á árinu 2022 voru uppköll til vaktstöðvar siglinga rétt tæplega 94 þúsund, sem er fjölgun um sjö þúsund frá 2020. Handvirkar inn- og útmeldingar voru 14 og 45 þúsund til samanburðar við 16 og 46 þúsund 2021. Þarna er því fækkun handvirkra tilkynninga um 3 þúsund, og síðan á sama tíma fjölgun í tilkynningum með smáforriti um 3 þúsund. Fjölgun tilkynninga með smáforriti má líklega rekja til aukningar í ferðamannaferðum eins og t.d. hvalaskoðunum. Á vaktstöð siglinga var unnið að þéttingu þjónustu með viðbótar rásum og endurnýjun AIS senda. SafeSeaNet kerfið var uppfært í fimmtu kynslóð auk annarrar þróunar. Unnið var að áframhaldandi þróun vöktunarkerfisins með viðbótum og endurnýjun á kjarna þess. Komið er að endurnýjun á fjarskiptahluta vaktstöðvarinnar og hefur verið unnið að endurnýjun samninga undanfarin ár um það og var því lokið á árinu með gerð samnings við Frequentis. Núverandi kerfi verður því uppfært í upphafi árs 2024.

Verkefni tengd alþjónustukvöð þar sem Neyðarlínu var falið að koma á fjarskiptum til heimila þar sem þau voru annars ekki í boði voru nokkur á árinu, um allt land. Þeirra umfangsmest var að koma á fjarskiptum á Rauðasandi sem fólst í að koma upp farsímasendi við Melanes. Er nú þar því komið á hið besta samband um allan Rauðasand. Verkefnið er unnið í samstarfi við farsímafélögin. Neyðarlínan tók einnig þátt í undirbúningsvinnu við að fyrirhugaða þéttingu farsímaþjónustu á stofnvegum landsins í tengslum við endurnýjun tíðniheimilda. Tilgangur með þátttöku Neyðarlínu í þessu verkefni er nú sem fyrr að tryggja að sem víðast verði hægt að hringja í 112.

Í árslok störfuðu 43 starfsmenn hjá Neyðarlínunni, þar af voru 25 hjá 112, 11 í tæknideild sem þjónar Tetra, vaktstöð siglinga, mannvirkjum og alþjónustu og 6 á skrifstofu. Framkvæmdastjóri til rúmlega tveggja áratuga Þórhallur Ólafsson lét af störfum í lok árs. Um áramót hafði svo verið gengið frá nýráðningu framkvæmdastjóra Jóns Svanbergs Hjartarsonar, sem hóf störf þann fyrsta janúar 2023.

Samkvæmt rekstrarreikningi varð hagnaður af rekstri félagsins að fjárhæð 1,6 millj. kr. á árinu 2022. Eignir félagsins námu 550 millj. kr. og eigið fé nam 272 millj. kr. í árslok 2022 samkvæmt efnahagsreikningi að meðtöldu hlutafé að fjárhæð 15,5 millj. kr.

Ráðstöfun hagnaðar

Í samræmi við samþykktir félagsins leggur stjórn félagsins til að ekki verði greiddur út arður til hluthafa á árinu 2023, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hagnaðar.

Eignarhald

Í lok og upphafi ársins var einn eigandi að félaginu, Ríkissjóður með 100% eignarhlut.


Staðfesting ársreiknings

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok 2022, rekstrarárangri og fjárhagslegri þróun félagsins á árinu 2022, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn og framkvæmdastjóri Neyðarlínunnar ohf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2022 með undirritun sinni.

Reykjavík, 29. mars 2023.

Stjórn og framkvæmdastjóri:



Áritun ríkisendurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Neyðarlínunnar ohf.


Forsendur, hlutverk og ábyrgð ríkisendurskoðanda

Ríkisendurskoðandi starfar á grundvelli laga nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, og siðareglur alþjóðasamtaka ríkisendurskoðanda. Hlutverk ríkisendurskoðanda er að tryggja að fram fari endurskoðun og eftirlit í samræmi við 4. gr. laganna.

Ríkisendurskoðandi ber húsbóndaábyrgð á störfum þeirra endurskoðenda sem starfa hjá Ríkisendurskoðun og framkvæma endurskoðun á grundvelli laga um endurskoðendur og endurskoðun, lögum um ársreikninga og þeim almennu reglum sem þeir hlíta samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum.

Endurskoðunin var framkvæmd í samræmi við lög nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga og lög nr. 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun.

Ríkisendurskoðun, 29. mars 2023



Guðmundur Björgvin Helgason
ríkisendurskoðandi

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Neyðarlínunnar ohf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Neyðarlínunnar ohf. fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn sýni glögga mynd af fjárhagsstöðu Neyðarlínunnar ohf. 31. desember 2022, afkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér á eftir. Við erum óháð Neyðarlínunni ohf. og höfum starfað í samræmi við lög nr. 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglur endurskoðenda. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á ársreikningnum.

Aðrar upplýsingar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri (stjórnendur) eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreiknings eru stjórnendur ábyrgir fyrir því að meta rekstrarhæfi Neyðarlínunnar ohf. og setja inn skýringu ef þess er þörf. Ef við á skulu stjórnendur setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendu um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreiknings, nema stjórnendur hafa ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit á ársreikningnum. Nægjanleg víska er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Endurskoðun var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og hún byggir á faglegri dómgreind og gagnrýnni hugsun. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit á reikningnum. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá reglum innra eftirlits.
- Öflum skilnings á innra eftirliti í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggi viðunandi árangur.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningskilareglur.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu og innihald, þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn félagsins um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar. Jafnframt var upplýst um mikilvæg atriði sem fram komu við endurskoðunina, þar á meðal eftir atvikum verulega anmarka á innra eftirliti.

Ríkisendurskoðun, 29. mars 2023

Hinrik Þór Harðarson
endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrartekjur			
Rekstrartekjur	12	1.592.814.275	1.499.847.301
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	3	632.027.986	501.134.648
Rekstur tækni- og fjarskiptabúnaðar		640.815.762	636.154.032
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		79.444.978	95.659.448
Rekstur húsnæðis		144.615.804	119.763.541
Rekstur varðstofu		101.670.640	91.681.863
Rekstur bifreiða		19.516.570	17.011.928
Afskriftir	5	4.651.596	5.500.207
		<u>1.622.743.336</u>	<u>1.466.905.667</u>
(Rekstrartap) -hagnaður fyrir fjármunat. og fjármagnsgj.	(29.929.061)	32.941.634
Vaxtatekjur		706.312	303.767
Vaxtagjöld	(3.262.693)	(4.692.303)
Gengismunur	(3.706.000)	(618.806)
Áhrif hlutdeildarfélags	8	30.509.421	39.340.422
		<u>24.247.040</u>	<u>34.333.080</u>
(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt	(5.682.021)	67.274.714
Tekjuskattur	4	7.234.529	(5.590.518)
Hagnaður ársins	11	<u>1.552.508</u>	<u>61.684.196</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr.	31.12.2022	31.12.2021
Eignir			
Rekstarfjármunir	5	11.510.853	16.162.449
Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi	8	311.489.994	280.980.573
Tekjuskattseign	9	9.900.567	2.666.038
Fastafjármunir		<u>332.901.414</u>	<u>299.809.060</u>
Birgðir		79.207.594	31.537.885
Viðskiptakröfur		98.155.347	164.557.453
Krafa á tengda aðila	12	32.083.646	0
Aðrar skammtímakröfur		3.990.676	1.274.556
Virðisaukaskattur, inneign		2.005.262	17.638.137
Handbært fé		2.026.385	123.836.869
Veltufjármunir		<u>217.468.910</u>	<u>338.844.900</u>
Eignir samtals		<u><u>550.370.324</u></u>	<u><u>638.653.960</u></u>
Eigið fé			
Hlutfé	10	15.485.000	15.485.000
Bundið eigið fé		246.705.728	216.196.307
Óráðstafað eigið fé		9.745.290	38.702.203
Eigið fé	11	<u>271.936.018</u>	<u>270.383.510</u>
Skammtímaskuldir			
Skuldir við lánastofnanir		73.148.801	0
Viðskiptaskuldir		127.845.342	151.110.895
Skuldir við tengda aðila	12	0	150.623.751
Aðrar skammtímaskuldir		77.440.163	66.535.804
Skammtímaskuldir		<u>278.434.306</u>	<u>368.270.450</u>
Skuldir samtals		<u>278.434.306</u>	<u>368.270.450</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>550.370.324</u></u>	<u><u>638.653.960</u></u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

a. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðli á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörssdegi. Gengismunur sem myndast er færður meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda í rekstrarreikning.

b. Innlausn tekna

Tekjur af sölu á vörum eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning þegar hún hefur verið innt af hendi.

c. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frá dregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Áhöld, tæki og innréttingar	5 ár
Bifreiðar	5 ár

Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna er munurinn á söliverði og bókfærðu verði eignarinnar og er færður í rekstrarreikning meðal annarra tekna en tap af sölu meðal annars rekstrarkostnaðar.

d. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum eru færðir til eignar á því verði sem svarar til hlutdeildar félagsins í bókfærðu eigin fé þeirra, að teknu tilliti til mismunar á upphaflegu kaupverði og hlutdeildar í eigin fé þeirra við kaup.

e. Skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur eru færðar niður í efnahagsreikningi. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreykingur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá skammtímakröfum í efnahagsreikningi.

f. Birgðir

Birgðir endursöluvara eru færðar á kostnaðarverði að teknu tilliti til rýrnunar.

g. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af bankainnstæðum.

f. Tekjuskattur

Tekjuskattseign er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun á efnahagsliðum samkvæmt skattauppgjöri annars vegar og reikningsskilum félagsins hins vegar. Mismunur, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar aðallega um tímamismun að ræða þar sem gjöld, einkum afskriftir, eru að jafnaði færð fyrir í skattauppgjöri en í ársreikningi.

Skýringar, frh.:

3. Starfsmannamál

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2022	2021
Laun	492.473.661	427.895.415
Launatengd gjöld og ýmis starfsmannakostnaður	139.554.325	131.939.233
Styrkveiting vegna Covid-19 færð til lækkunar á launakostnaði	0	(58.700.000)
Laun og launatengd gjöld samtals	632.027.986	501.134.648

Félagið fékk í ársbyrjun 2022, greitt 80,1 millj. kr. framlag frá ríkissjóði vegna aukins launakostnaðar tengt Covid faraldrinum. Framlagið var greitt vegna rekstraráranna 2020 og 2021. Framlag vegna ársins 2021 nam 58,7 millj. kr. sem fært er til lækkunar á launakostnaði félagsins.

Stöðugildi að meðaltali yfir árið	43	40
Laun framkvæmdastjóra	22.951.320	18.600.000
Laun stjórnar	7.210.000	7.560.000

4. Tekjuskattur

Virkt skatthlutfall greinist þannig:	2022	2021
(Tap) hagnaður fyrir skatta	(5.682.021)	67.274.714
Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli	20,0% 1.136.404	20,0% (13.454.943)
Hlutdeild í rekstri hlutdeildarfélags	107,4% 6.101.884	(11,7%) 7.868.084
Annað	(0,1%) (3.759)	0,0% (3.660)
Virkur tekjuskattur	127,3% 7.234.529	8,3% (5.590.518)

5. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:	Áhöld og tæki	Bifreiðar	Samtals
Stofnverð 1.1.2022	10.630.368	70.606.400	81.236.768
Stofnverð 31.12.2022	10.630.368	70.606.400	81.236.768
Afskrifað samtals 1.1.2022	8.859.903	56.214.416	65.074.319
Afskrifað á árinu	519.224	4.132.372	4.651.596
Afskrifað samtals 31.12.2022	9.379.127	60.346.788	69.725.915
Bókfært verð 1.1.2022	1.770.465	14.391.984	16.162.449
Bókfært verð 31.12.2022	1.251.241	10.259.612	11.510.853

Skýringar, frh.:

6. Leigusamningar

Félagið hefur gert leigusamning um hluta eignar að Skógarhlíð 14, Reykjavík. Skuldbinding vegna þessa hefur ekki verið færð í efnahagsreikning en hún nemur 178 millj. kr. í árslok á verðlagi í lok ársins. Samningurinn er tímabundinn og líkur 1. nóvember 2028 en er þó heimilt að segja upp með árs fyrirvara frá og með 1. nóvember 2022. Jafnframt hefur félagið gert leigusamninga við nokkra aðila um leigu fyrir búnað í möstrum eða fjarskiptahúsum og nemur samtals skuldbinding vegna þeirra 39 millj. kr. í árslok 2022. Samningarnir eru ótímabundnir með 1-12 mánaða uppsagnarfresti. Leigugjöld ársins nema 81 millj. kr. og eru færð til gjalda meðal reksturs húsnæðis í rekstrarreikningi. Leiguskuldbinding félagsins skiptist með eftirfarandi hætti á næstu ár.

Leiguskuldbinding vegna næstu fimm ára	191.483.404
Síðar	25.452.530
Samtals leiguskuldbinding 31.12.2022	<u>216.935.934</u>

Félagið leigir jafnframt fjarskiptakerfi, fjarskiptastöðvar og annað því tengt af Öryggisfjarskiptum ehf. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2018 og gildir þar til annar hvor samningsaðila segir honum upp. Samningurinn er uppsegjanlegur með 12 mánaða fyrirvara. Leigugjöld ársins nema 367 millj. kr. og eru færð meðal rekstrar- tækni og fjarskiptabúnaðar í rekstrarreikningi.

7. Vátryggingarverð

Vátryggingarverð lagers, áhalda, tækja og bifreiða nam 354 millj. kr. í árslok en bókfært verð nam 76 millj. kr.

8. Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi

		2022	
	Eignarhlutur	hlutdeild í afkomu	Bókfært verð
Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi greinast þannig:			
Öryggisfjarskipti ehf.	25%	30.509.421	<u>311.489.994</u>

9. Tekjuskattseign

Skatteign félagsins greinist þannig:	2022	2021
Reiknuð skatteign í ársbyrjun	2.666.038	12.536.556
Tekjuskattur í rekstrarreikningi	7.234.529	(9.870.518)
Reiknuð skatteign í árslok	<u>9.900.567</u>	<u>2.666.038</u>
Tekjuskattseign skiptist þannig:	31.12.2022	31.12.2021
Varanlegir rekstrarfjármunir	2.215.221	2.158.080
Viðskiptakröfur	600.000	600.000
Vörubirgðir	(792.076)	(315.379)
Gengismunur	535.387	167.857
Yfirfæranlegt skattalegt tap	7.342.035	55.480
Tekjuskattseign í árslok	<u>9.900.567</u>	<u>2.666.038</u>

Tekjuskattseign er færð upp í ársreikningi félagsins fyrir árið 2022. Félagið var á árum áður rekið með nokkru skattalegu tapi og ekki markmið félagsins að vera rekið með hagnaði heldur að veita eins góða þjónustu og hægt er miðað við það fjármagn sem félagið hefur yfir að ráða. Nú hefur hins vegar verið skattalegur hagnaður á rekstri félagsins undanfarin ár og það er mat stjórnenda að rétt sé að færa upp tekjuskattseign og reikna tekjuskatt í rekstrarreikningi. Yfirfæranlegt skattalegt tap félagsins í árslok 2022 nemur 37 millj. kr. og er nýtanlegt til ársloka 2032.

Skýringar, frh.:

10 Hlutfé

Hlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 15.485.000 kr. í árslok. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

11. Yfirlit um eiginfjárreikninga

	Hlutfé	Bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2022	15.485.000	216.196.307	38.702.203	270.383.510
Breyting á bundnu eigið fé		30.509.421	(30.509.421)	0
Hagnaður ársins			1.552.508	1.552.508
Eigið fé 31.12.2022	15.485.000	246.705.728	9.745.290	271.936.018

Bundið eigið fé greinist þannig:	Lögbundinn varasjóður	Yfirverð hlutafjár	Hlutdeildar- reikningur	Samtals
Staða 1.1.2022	3.871.250	89.914.713	122.410.344	216.196.307
Hlutdeild í rekstri hlutdeildarfélags á árinu			30.509.421	30.509.421
Staða 31.12.2022	3.871.250	89.914.713	152.919.765	246.705.728

Á árinu 2016 var gerð breyting á lögum um ársreikninga þar sem gerð er krafa um að hlutdeild í hagnaði dóttur- og hlutdeildarféлага umfram móttækinn arð sé færð á sérstakan bundinn reikning meðal eigin fjár.

12 Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur þeirra sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélag og samrekstrarfélag. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

Upplýsingar um tengda aðila eru eftirfarandi:

	Endurrukkaður					Skuld
Seld þjónusta	kostnaður og þjónusta	Leigu- greiðslur	Vextir gjaldfærðir	Krafa		
Öryggisfjarskipti ehf. 2022 .	29.187.000	362.565.700	367.072.004	2.809.516	32.083.646	0
Öryggisfjarskipti ehf. 2021 .	0	237.266.819	397.181.177	4.456.773	0	150.623.751

Félagið á í töluverðum viðskiptum við Öryggisfjarskipti ehf. sem felur fyrst og fremst í sér leigugjöld en einnig sér Neyðarlínan ohf. um innkaup á ýmsum búnaði, eignum og þjónustu sem félagið rukkar Öryggisfjarskipti ehf. fyrir. Endurrukkaður útlagður kostnaður er færður til lækkunar á gjöldum í rekstrarreikningi og er endurseldur á kostnaðarverði. Leigugjöld eru færð meðal rekstur tækni- og fjarskiptabúnaðar í rekstrarreikningi.

Meðal rekstrartekna er framlag ríkissjóðs að fjárhæð 960 millj.kr. (2021:912 millj. kr.). Engin krafa er á ríkissjóðs í árslok 2022 (2021:81 millj. kr.)